

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 106/97  
frá 17. desember 1997**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var  
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er  
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. og XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-  
nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 um breytingu á  
tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám samkeppnishafa á mörkuðum fyrir  
fjarskiptaþjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar  
90/388/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- 396 L 0019: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996  
(Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 251, 19. 10. 1995, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 19. 10. 1995 bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13.

## 2. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 396 L 0019: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 (Stjtið. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 13).

Ákvæði tilskipunar 96/19/EB skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun 96/19/EB koma til framkvæmda frá 1. janúar 1998, með fyrirvara um

i) að þeim sem veita talsímaþjónustu í framtíðinni sé heimilt að hefja tilraunaþjónustu til bráðabirgða fyrir þann tíma, og

ii) að skilyrði fyrir leyfisveitingu í framtíðinni verði gerð opinber fyrir þann tíma.”.

2. Í stað aðlögunarliðar a) í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XIV. viðauka komi eftirfarandi:

„a) Í stað annars málsliðar fimmtu undirgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA skal innan lögsögu sinnar ganga úr skugga um að þessar fyrirætlanir séu í samræmi við EES-samninginn áður en til framkvæmdar þeirra kemur.“.

## 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner